

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 8. desember 2014

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (kerfisáætlun), mál 305.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum og hafa eftirfarandi athugasemdir.

Samtökin harma að ekkert samráð hefur verið haft við gerð laganna og er það miður þar sem samráð um lagagerð stuðlar að skjótari afgreiðslu mála á síðari stigum. Samtökin benda einnig á þeim barst ekki umsagnarbeiðni við ofangreindu máli og eru þess fullviss að um einstakt tilfelli sé að ræða.

Samtökin hafa fullan skilning á þörf fyrir dreifingu á orku um landið og að huga þurfi að endurbótum innviða í orkumálum eins og í öðrum málum er snerta og bæta búsetu- og lífsskilyrði hér á landi. SAF hefur áður bent á að víða geti ferðaþjónusta og orkuvinnsla farið vel saman og á það sama við um dreifingu orkunnar. Nauðsynlegt er í þessu samhengi að benda á að ferðaþjónusta er gríðarlega mikilvæg undirstaða útflutningstekna og yfir 80 prósent erlendra ferðamanna sækja Ísland heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mjög mikilvægt að halda landslagsheildum óröskuðum og viðhalda þannig þeim samkeppnisgrundvelli sem íslenska náttúran er, ásamt möguleikum á áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands.

Samtökin benda á nauðsyn þess og eru með þá kröfu að fyrstu grein raforkulaga verði breytt þannig að skýrt verði að með þjóðhagslega hagkvæmu kerfi beri að taka tillit til annarra atvinnuvega og búsetu í landinu. Einnig telja samtökin eðlilegt og leggja jafnframt til að við 1. mgr. 9 greinar laganna verði bætt ákvæði um að tillit sé tekið til samfélagslegra þátta og framtíðarmöguleika til uppbyggingar atvinnulífs í landinu, jafnt í byggð sem og á óbyggðum svæðum og víðernum landsins.

Samtökin eru sammála markmiðum frumvarpsins um að búa kerfisáætlun á traustari grundvelli, sem nauðsynlegt er fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins. Einnig eru SAF sammála markmiði frumvarpsins um að einfalda fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að framkvæmdum við flutningskerfið og gera ferla skilvirkari og gagnsærri.

Um 2. grein frumvarpsdraganna

SAF telja að allt undirbúnings og framkvæmdaferli kerfisáætlunar eins og það kemur fyrir í 9 gr. a, verði að vera unnið í mun meira samráði við hagsmunaaðila, eftirlits- og fagstofnanir og skipulagsyfyrvöld. Einnig er það skoðun SAF að hagsmunaaðilar verði að geta haft hliðstæð áhrif á ákvörðunarferlið með sama hætti og verklag er varðandi meðferð annarra opinberra áætlana eins og samgönguáætlunar og rammaáætlunar sem afgreiddar eru með þingsályktunartillögu. Ekki kemur fram í frumvarpinu að kerfisáætlun sé háð umhverfismati og er það sérkennilegt að mati SAF enda fellur kerfisáætlun undir lög um framkvæmdaáætlunir.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að fyrirkomulag um eftirlit kerfisáætlunar eins og því er lýst í 9 gr. b, samræmist ekki markmiðum um skilvirkt og gagnsætt ferli þar sem lokaákvörðun um framkvæmd áætlunarinnar liggur hjá stjórn Landsnets þrátt fyrir ákvæði laganna um leyfisveitingar og eftirlit Orkustofnunar.

SAF vekur athygli á að mörg minni sveitarfélög eru ekki með mikla burði í skipulagsmálum og því er krafan um að sveitarfélögum beri að tryggja framgang verkefna eins og fram kemur í 2 mgr. 9 gr. c., talin óraunhæf. Mikilvægt er að framkvæmdir (þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum), sem ganga yfir mörk sveitarfélaga, sem er alloft tilfellið þegar kemur að lagningu raflína, fái eðlilega og málefnalega meðferð og að niðurstöður þeirrar meðferðar muni geta haft áhrif t.d. á staðsetningu og gerð raflínunnar

Áður hefur komið fram að það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson

Afrit sendist til:
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis